

**Nr. 20-083 S 058 Kap VE 4*****Skipverji slasast á hendi***

*Skipaskr.nr.* 1742  
*IMO* 8612378  
*Útgerð:* Vinnslustöðin hf.  
*Smíðaður:* Póllandi, 1987, stál.  
*Stærð:* 1410,6 bt. 892,8 brl.  
*Mesta lengd:* 66,74 m *Skráð lengd:* 60,29 m  
*Breidd:* 11,0 m *Dýpt:* 8,0 m  
*Vél:* Wartsila 4140 kW 2000.  
*Fjöldi skipverja:* 12



Kap © Hólmgæir Austfjörð

***Gögn:***

*Gögn RNSA*

*Lokaskýrsla afgreidd á fundi 26. febrúar 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 27. júní 2020 var Kap VE 4 á flottrollsveiðum á Suðurlandi. Veður: Hægviðri.

Skipverjar voru að láta trollið fara og einn þeirra var að hjálpa höfuðlínubúrinu út fyrir. Þá var híft í höfuðlínukapalinn með þeim afleiðingum að skipverjinn klemmdi þumalfingur hægri handar á milli búrsins og keflisins á skutopinu þar sem trollinu var kastað út. Siglt var með slasaða til Vestmannaeyja.

***Við rannsókn kom fram:***

- að kapalvindunni var stjórnað frá þilfarinu þegar trollið var látið fara. Staðsetning stjórnlokans fyrir kapalvinduna var þannig að stjórnandinn hafði ekki yfirsýn yfir þilfarið og sá ekki slasaða;
- að stjórnandi spilsins var í afleysingu þennan túr en starfaði á öðru skipi útgerðarinnar þar sem annað vinnulag var viðhaft við þessar hífingar;
- að skipverjar voru allir með talstöðvar en þær voru ekki notaðar þegar atvikið átti sér stað þar sem stutt var á milli manna að sögn stjórnanda spilsins;
- að venjan var að einn skipverji lyfti höfuðlínustykkinu upp yfir þröskuldinn á skutopinu sem var um 30 til 40 cm hár;
- að höfuðlínustykkið var í hlífðarbúri sem var úr rústfríu stáli;
- að fram kom að hægt væri að staðsetja stjórnstökin á hentugri stað.

Drög að lokaskýrslu voru send til aðila málsins og útgerðar þann 1. febrúar 2021. Ekki voru gerðar athugasemdir við þau en eftirfarandi upplýsingar bárust frá útgerðinni:

*Útgerðin gerir ekki athugasemdir við álit nefndarinnar en vill koma því á framfæri að unnið er að úrbótum og er áætlað að þeim verði lokið fyrir sumarið 2021.*

***Nefndarálit:***

Orsök slyssins má rekja til samskiptaleysis og óheppilegrar staðsetningar stjórnataka.